Seltirningur

Blað Sjálfstæðisfélags Seltirninga - stofnað 1962

1. tbl., maí 2022
www.xdseltjarnarnes.is

Framfarir í allra þágu á Nesinu

Þór Sigurgeirsson skipar fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi við komandi bæjarstjórnarkosningar í maí og er nýr oddviti Sjálfstæðismanna. Hann býr nú þegar yfir góðri reynslu af bæjarmálunum, því hann sat í bæjarstjórn árin 2006-2010 og hefur verið búsettur hér frá bernsku. Þór er nú sölu- og verkefnastjóri hjá Rými. Hér er má fræðast nánar um bakgrunn Þórs og hvaða augum hann lítur framtíð Seltjarnarness.

Skipulagður og kraftmikill

„Ég hef starfað við sölu- og markaðsmál alla tíð að ógleymdum dásemdartímanum sem sumarstarfsmaður í sundlaug Seltjarnarness. Ég kláraði stúdentspróf frá FÁ, var um tíma í stjórnmálafræði og dreif mig út á vinnumarkaðinn. Lengst af starfaði ég hjá ÍSAM og síðar í vátryggingum hjá Verði þar sem ég sá m.a. um tryggingar fjölmargra bæjarbúa og þeirra fyrirtækja. Ég hef alla tíð verið duglegur að rækta tengslanetið og reyni að halda góðu sambandi við vini og félaga. Ég er skipulagður og kraftmikill og klára það sem ég ætla mér. Ég trúi á mátt liðsheildar og stend fyrir jákvæð og uppbyggileg samskipti sem eru mér í blóð borin."

„Ég er giftur Maríu Björk Óskarsdóttur viðskiptafræðingi og við höfum verið saman frá því að við vorum tvítug. Við eigum 4 börn, þau Söru Bryndísi (24) meistaranema í lögfræði, Örnu Björk (22) sem útskrifast í júní með BS í sálfræði, Mörtu Sif (15) nemanda í Valhúsaskóla og Daníel Þór (12) sem er að ljúka 6. bekk í Mýrarhúsaskóla. Áhugamál mín eru fyrst og fremst fjölskyldan, vinir, fótbolti og golf. Er enn skráður leikmaður old boys Gróttu og líka Gold boys í golfinu. Mér finnst yndislegt að verja tíma í bústaðnum okkar í Kjósinni, dunda mér við að slá eða þá smíða eitthvað. Allir dagar verða þó helst að byrja í heita pottinum í Sundlaug Seltjarnarness."

Seltirningur í húð og hár

Þór er borinn og barnfæddur Seltirningur, sonur hjónanna Sigríðar Gyðu Sigurðardóttur listakonu og Sigurgeirs Sigurðssonar sveitar- og bæjarstjóra, sem var farsæll leiðtogi Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi í fjóra áratugi. Þór er yngstur þriggja systkina en eldri eru Margrét og Sigurður.

„Ég hef alla tíð búið á Seltjarnarnesi. Við bjuggum á Miðbraut 29 sem mamma og pabbi reistu árið 1962 og var það lengi vel innsta húsið í götunni. Ekkert nema tún og kríumói í Hof-og Bollagörðum allt niður að sjó. Þá var bæði mjólkurbúð og Gunnarskjör (síðar Nesval) á Melabrautinni. Strætó gekk á þessum árum út Melabrautina í rykmekki og upp þar sem Hofgarðarnir liggja og í gegnum strandirnar þar sem nú er göngustígur. Seltjarnarnesið hefur svo sannarlega byggst upp frá þessum tíma þegar hér var enn hálfgerð sveit."

„Það var gott að alast hér upp og skólaárin voru skemmtileg og eftirminnileg. Ég byrjaði ungur í fótbolta og handbolta í Gróttu og hef alltaf sagt að þátttaka í íþróttum hafi verið ein mín mesta lukka. Það er mikilvægt fyrir þroska og sjálfstraust einstaklings að vinna eftir öguðu leikskipulagi og að skýrum markmiðum. Þessir þættir, sem ég kynntist og tileinkaði mér í íþróttunum í Gróttu, hafa nýst mér ótrúlega vel í lífinu."

Þór ásamt eiginkonu sinni, Maríu, og börnum þeirra.

Sonur bæjarstjórans

„Ég þekkti auðvitað ekkert annað en þann veruleika að pabbi væri sveitarstjóri og síðar bæjarstjóri frá 1974 þegar Seltjarnarnes fékk kaupstaðarréttindi. Hann lagði hart að sér, tók sér sárasjaldan frí og var vakinn og sofinn yfir hagsmunum bæjarbúa. En það sem mótaði árangur föður míns var ekki síst að hann vann alla tíð með afar traustu fólki í sveitar- og bæjarstjórn sem lagði grunninn að þeim bæ sem Seltjarnarnesið er í dag. Með þeim ríkti mikill samhugur, vinátta og virðing alla tíð, þó að auðvitað hafi þau tekist á um sum málin eins og gengur í pólitík og oft er það leiðin að farsælustu lausninni.

Það má læra af fortíðinni, sá lærdómur er gott veganesti, en verkefnið nú er hins vegar framtíðin. Vonandi fæ ég tækifæri til að vinna með bæjarbúum að áframhaldandi framförum á Seltjarnarnesi í allra þágu.“

Reynsla af bæjarmálunum

Þór er að stíga aftur inn á svið bæjarmálanna eftir tólf ára hlé. „Ég tók þátt í prófkjörinu 2006 en þá eins og nú var frískur og öflugur hópur frambjóðenda. Allt var sett á fullt og við náðum stærsta kosningasigri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi í sögunni. Rétt tæp 68% kusu okkur, við fengum fimm fulltrúa í bæjarstjórn og vorum alveg við það að ná þeim sjötta inn. Ég sat í bæjarstjórn kjörtímabilið 2006-2010 með góðum árangri, var formaður Umhverfisnefndar og sat í stjórn Sorpu bs. Þetta var í senn afar lærdómsríkt og ánægjulegt. Áður hafði ég í tvígang setið í æskulýðs- og íþróttaráði Seltjarnarnesbæjar. Árið 2010 gaf ég aftur kost á mér í prófkjöri en ákvað á endanum að þiggja ekki sæti, bæði vegna vinnu og annríkis heima fyrir, en við María áttum von á fjórða barninu. Ég fylgdist þó áfram með bæjarmálunum og tók þátt í ýmsu starfi.

Bæjarmálin voru farin að kalla verulega á mig aftur; að vinna að hagsmunum okkar Seltirninga. Það auk hvatningar úr ótal áttum varð til þess að ég gaf aftur kost á mér. Fyrir prófkjörið gekk ég hús úr húsi og spjallaði við bæjarbúa hvar og hvenær sem færi gafst. Mér þótti það dýrmætt og svo sannarlega gott tækifæri til að segja fólki frá því fyrir hvað ég stend og mun standa. Ég hef einlægan áhuga og metnað fyrir því að Seltjarnarnesið haldist í hópi fremstu bæjarfélaga. Ég tel mig geta lagt fjölmargt af mörkum og mun gera það með þeim kraftmikla hópi okkar sem nú myndar D-listann.“ „Gangi allt upp eins og stefnt er að í kosningunum í vor fá bæjarbúar sýnilegan mann í brúnna sem elskar Seltjarnarnesið og veit fátt skemmtilegra en að starfa í góðu liði. Ég er áræðinn, vinnusamur og óhræddur við að taka af skarið. Umfram allt er ég stoltur Seltirningur og vil veg og vanda bæjarins sem allra mestan.

Kostirnir við að búa hér á Nesinu eru nær óþrjótandi. Fólkið, samfélagið, nálægðin við náttúruna og þessi einstaka stemmning sem maður finnur hvergi annars staðar. Hér er allt sem við þurfum; góðir skólar og íþróttastarfið á sama „blettinum“. Stutt er út á einn allra flottasta golfvöll landsins og nýja æfingaaðstaðan innan dyra, Nesvellir, er frábær viðbót. Að ég tali ekki um allt starfið hjá Gróttu sem ég hef verið svo lánsamur að fá að taka þátt í. Síðan er það hið augljósa, en hér hafa Sjálfstæðismenn alltaf verið við stjórnvölinn og það reynst afar farsælt. Þetta eru lífsgæði sem við Sjálfstæðismenn munum standa vörð um.“

Vönduð og metnaðarfull stefnuskrá

„Að undanförnu höfum við sem skipum D-listann unnið hörðum höndum að því að fara vandlega yfir málin, ræða okkar á milli og við íbúa í því augnamiði að finna hvað helst brennur á fólki. Höfum við unnið markvissa stefnumótunarvinnu og niðurstaðan er að mínu mati afar sterk stefnuskrá fyrir næstu árin þar sem traust og íbúavæn ásýnd Seltjarnarness verður eitt af stóru málunum. Við erum raunsæ en metnaðarfull og getum ekki beðið eftir því að hefjast handa eftir kosningar. Ég hvet alla til að vera með í þessu skemmtilega ævintýri okkar Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi, liðsheild og samvinna skiptir svo miklu máli. Við sem nú skipum D–listann erum nýr kraftur á traustum grunni og framtíðin er bæði spennandi og björt.“

Sterk fjárhagsstaða – það er Nesið

Á síðustu misserum hafa margvíslegar áskoranir blasað við Seltjarnarnesbæ líkt og öðrum sveitarfélögum. Mikil hækkun launa opinberra starfsmanna og lífeyrisskuldbindinga hafa verið krefjandi og heimsfaraldur þyngt róðurinn. Vel hefur tekist að stýra sveitarfélaginu í gegnum brimskaflinn og aukning skulda er hófleg. Magnús Örn Guðmundsson bæjarfulltrúi segir skuldaviðmið Seltjarnarnesbæjar með því lægsta sem gerist og að lágar skuldir og skynsemi í fjárfestingum sé algjör forsenda framfara.

Sterkur grunnrekstur og bjart framundan

Á síðasta ári hækkuðu skatttekjur bæjarsjóðs um 6,2% og voru yfir 3,6 milljarðar króna. Laun, sem eru langstærsti gjaldaliður bæjarins, hækkuðu um 2,5% á sama tíma og námu um 2,8 milljörðum. Annar rekstrarkostnaður hækkaði hins vegar meira, eða um 8,6% og skýrist að miklu leyti af aðgerðum vegna Covid faraldursins, líkt og árið áður. Stundum gleymist hversu faraldurinn gekk nærri heimilum og hinu opinbera, enda vilja flestir gleyma honum. Bjartari tímar eru framundan. Afkoma af grunnrekstri bæjarins var betri en áætlað var og fer sífellt batnandi. Rekstrarniðurstaðan af A sjóði fyrir breytingu á lífeyrisskuldbindingu var halli upp á 128 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir tæpum 200 m.kr. Í ár er gert ráð fyrir að rekstur bæjarins komist í gott jafnvægi.

Hvað er lífeyrisskuldbinding?

Lífeyrisskuldbinding er einfaldlega sá lífeyrir sem bærinn þarf að greiða starfsmönnum á lífeyrisaldri í framtíðinni. Hækkun launa og lífaldurs hefur m.a. gert það að verkum að þessi uppsafnaða skuld hefur hækkað verulega á síðustu árum og þessi liður því fyrirferðamikill í reikningum sveitarfélaga síðustu ár. Þegar skuldin er uppreiknuð af tryggingastærðfræðingi hefur það hvorki áhrif á fjárflæði né þjónustu frá ári til árs. Hækkunin er bókhaldsleg en vitanlega þarf að greiða hana í framtíðinni ef líkönin ganga eftir. Minnihlutinn í bæjarstjórn hefur gert sér mat úr þessu og kallað hækkun lífeyrisskuldbindingar ósjálfbæran rekstur. Þetta er útúrsnúningur sem hentar þeim vel til að hækka skatta. Á síðasta ári nam hækkun lífeyrisskuldbindingar hjá bænum yfir 450 milljónum. Eins og áður sagði kemur þetta til vegna launahækkana og hækkandi lífaldurs, m.ö.o. tryggingastærðfræðingar voru að uppfæra líkön sem spá fyrir um hvað sveitarfélög þurfa að borga næstu áratugina. Til samanburðar nam þessi hækkun tæpum 600 m.kr. hjá Vestmannaeyjabæ og 530 m.kr. hjá Mosfellsbæ, svo dæmi um smærri sveitarfélög séu tekin. Aðalatriðið er þetta: Hækkun lífeyrisskuldbindingar er bókhaldsleg stærð og er alls ekki hallarekstur sem skerðir þjónustu. Og hún er ekki einskorðuð við Seltjarnarnes.

Lágar skuldir eru lykilatriði

Fjárhagsstaða bæjarins er sterk. Langtímaskuldir A sjóðs nema um 2,9 milljörðum og jukust um 400 m.kr. á árinu og langtímaskuldir samstæðu nema um 3,4 milljörðum. Á móti langtímaskuldum A sjóðs kemur núvirt krafa á ríkið vegna hjúkrunarheimilisins Seltjarnar að upphæð tæpum 1,1 milljarði sem lækkar skuldaviðmið. Langtímalán bæjarins eru vegna fjárfestinga, aðallega byggingar hjúkrunarheimilis og fimleikahúss, samtals um 1,6 milljarður. Að baki lánunum eru verðmætar fasteignir. Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta fyrir fimleikahúsið með leigusamningi til 20 ára og ríkið greiðir 85% af hjúkrunarheimilinu með leigusamningi. Með öðrum orðum þá eru skuldir bæjarins ekki vandamál heldur dæmi um góða fjármálastjórn.

Skuldaviðmið langt undir mörkum

Þegar lagt er mat á fjárhagslegt heilbrigði sveitarfélaga er svokallað skuldaviðmið besti mælikvarðinn. Því er ætlað að gefa sem gleggsta mynd af raunverulegum skuldbindingum hvers sveitarfélags. Skuldaviðmið Seltjarnarnesbæjar var 80% í árslok en var 65% árið 2020. Lögbundið hámark er 150%. Seltjarnarnesbær á kröfu á Reykjavíkurborg að upphæð liðlega 600 m.kr. vegna fimleikahúss sem getið er um í skýringum með ársreikningi. Kröfur á ríkið (1,1 milljarður) og Reykjavíkurborg (600 m.kr.) eru því um helmingur af langtímaskuldum bæjarins. Gert er ráð fyrir frekari lántöku vegna byggingar nýs leikskóla á þessu ári en það er í raun síðasta stóra innviðafjárfestingin á næstu árum. Veltufé samstæðu nam 353 m.kr. en veltufé segir til um getu bæjarins til að greiða af lánum og ráðast í fjárfestingar.

Loftmynd af Lækningaminjasafninu við Nesstofu.

Náttúruhúsið á Seltjarnarnesi

Ríkissjóður Íslands hefur fest kaup á Lækningaminjasafninu

Farsæl lausn hefur nú fengist varðandi safnahúsið sem reist var við Nesstofu. Ríkissjóður Íslands festi kaup á húsinu við Safnatröð og mun það hýsa Náttúruminjasafn Íslands, eitt þriggja höfuðsafna Íslands auk Þjóðminjasafnsins og Listasafn Íslands. Ríkissjóður tók að sér uppgjör við læknafélögin og þeir fjármunir sem bærinn hefur lagt til hússins munu m.a. nýtast sem innviðabygging í lóðaframkvæmdum og lögnum.

Staðsetning Náttúruhússins á Seltjarnarnesi er vel við hæfi því meginhlutverk þess er að miðla þekkingu um íslenska náttúru og af henni eigum við mikinn fjársjóð á Nesinu. Við höfum hafið og lífríkið, fjöruna, fuglalífið, merkilegar forn- og mannvistarminjar og sögur af sjósókn og strandmenningu svo fátt eitt sé talið. Möguleikar eru á að nýta Nesstofu í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og fræðasetrið Gróttu sem er í eigu Seltjarnarnesbæjar. Nálægð safnsins við höfuðborgarsvæðið er mikill kostur og mun laða að gesti. Tækifærið fyrir skólafólk er stórkostlegt til að mynda í tengslum við útikennslu. Það verður spennandi að fylgjast með starfsemi Náttúruhússins á Seltjarnarnesi þegar það verður formlega opnað.

Framh. s. 3, viðtal við Magnús Örn Guðmundsson:

Viðspyrna fram undan – og lágir skattar

Fram undan eru bjartari tímar. Hafist var handa við byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga á árinu auk annarra framkvæmda. Atvinnuleysi stóð í 9,6% í upphafi síðasta árs, var liðlega 6% um miðbik ársins en var komið í 3,4% á Seltjarnarnesi í árslok. Samfara lágu atvinnuleysi, fólksfjölgun og hagvexti munu útsvarstekjur styrkjast verulega á komandi misserum. Íbúum mun fjölga á næstu árum og munu tekjur bæjarins aukast með tilkomu Gróttubyggðar um 300-400 m.kr. Tekjustoðir bæjarins standa því traustum fótum þrátt fyrir lágar álögur og tækifæri liggja í að gera reksturinn skilvirkari. Hækkun skatta leysir engan vanda og hefur aldrei gert. Hækkun skatta getur hins vegar búið til vanda og leitt sjónar af öðru en grunnrekstri yfir í gæluverkefni og of mikla yfirbyggingu. Þetta sýna dæmin í Reykjavík, þar sem flokkar minnihlutans á Seltjarnarnesi ráða för. Það fordæmi ber að varast. Þess vegna er best að kjósa nýjan kraft á traustum grunni.

Gróttubyggð rís

Jáverk stefnir að því að fyrstu íbúar Gróttubyggðar geti flutt inn á fyrri helmingi ársins 2024

Það eru ófáir staðir á höfuðborgarsvæðinu sem eru jafn falleg byggingarsvæði og Bygggarðasvæðið. Nálægðin við hafið og Gróttu er einstakt og við hönnun hverfisins, sem hefur gengið undir nafninu Gróttubyggð, er mikið lagt upp úr því að tengja byggingarnar og nærumhverfi þeirra náttúru svæðisins. Innan fárra vikna mun Jáverk hefjast handa við byggingu fyrsta fjölbýlishússins á Bygggarðareitnum vestast á Seltjarnarnesi en byggingarleyfi hefur þegar verið gefið út.

Tölvuteikning af Gróttubyggð.

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 173 íbúðum á svæðinu og lóðum fyrir leiksvæði sem eru sameiginlegar öllu svæðinu. Þá er gert ráð fyrir að Gróttubyggð byggist upp í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum, sem er á austurhluta svæðisins, verða byggðar um 130 húsnæðiseiningar. Þær verða af ýmsum stærðum og gerðum, bæði íbúðir og einbýli og ættu því að henta ungum sem öldnum kaupendum. Núverandi byggð vestan Bygggarða verður hins vegar óbreytt enn um sinn.

Uppbygging svæðisins er mjög jákvætt skref í uppbyggingu bæjarins. Gróttubyggð mun styrkja samfélagið verulega og koma til móts við aukna eftirspurn eftir húsnæði á Seltjarnarnesi. Þá mun aukinn íbúafjöldi auka tekjur bæjarsjóðs sem auðveldar okkur að hafa Nesið áfram sem eitt af bestu sveitarfélögum landsins. Tryggt verður að allir innviðir verði klárir í tæka tíð til að taka á móti nýjum íbúum. Gatnagerð er vel á veg komin svo og fráveitu- og lagnaframkvæmdir og bygging nýs leikskóla handan við hornið.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Fer eingöngu fram í Holtagörðum á 2. hæð.
Opið frá 10:00 til 22:00 alla daga fram að kosningum.

Kjósendur skulu framvísa gildum skilríkjum við kosninguna (ökuskírteini, vegabréfi eða nafnskírteini).
Frekari upplýsingar á www.xdseltjarnarnes.is

Dagbjört ásamt Knúti, eiginmanni sínum, og börnum þeirra.

Ég vil skóla í fremstu röð

Dagbjört skipar fimmta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Hún er þriggja barna móðir og eru málefni fjölskyldufólks henni hugleikin. Hún er lögfræðingur með víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og vill gera góðan bæ enn betri.

Dagbjört er yngst fjögurra systkina. Hún ólst upp í Njarðvík, bjó um tíma í Reykjavík og vorið 2012 flutti hún á Seltjarnarnesið. Hún og eiginmaður hennar Knútur Rúnar Jónsson, iðnaðartæknifræðingur og fjármálahagfræðingur, keyptu sína fyrstu íbúð á Melabraut þegar frumburður þeirra var að hefja leikskólagöngu. Þau eiga í dag Odd Jóel 12 ára, Unni Ásu 8 ára og Auði Unu 5 ára.

„Væntingar mínar voru miklar þegar ég flutti á Nesið, enda hafði bærinn verið lofaður í hástert af vinum og kollegum. Einhverjir töluðu um rokrassgat en það hafði engin áhrif á mig, enda ólst ég upp á Suðurnesjum og er vön rokinu. Einnig var mikið talað um að ég þyrfti ekki að fara úr vinnu til að skutla og sækja börnin sem hljómaði vel í mín eyru verandi nýútskrifaður lögfræðingur," segir Dagbjört."

Af hverju bæjarpólitíkin?

„Ég eignaðist yngsta barnið 2017 og vorið eftir fékk ég bréf frá bænum þar sem því var lofað leikskólaplássi um haustið og við sögðum upp dagmömmuplássinu. Síðar kom í ljós að ekki var pláss á leikskólanum og við vorum búin með allt fæðingarorlofið. Bærinn stóð sig með sóma við að leysa úr þessari flækju, m.a. með heimagreiðslum til foreldra í sömu stöðu og smáhýsum (Fögrubrekku) sem hugsuð voru sem tímabundin lausn. Þetta kveikti áhuga minn á bæjarmálunum. Maður heyrði af fólki í svipuðum vandræðum í öðrum sveitarfélögum enda vöntun á starfsfólki í leikskóla víða.

Nokkrum árum seinna var haft samband og ég hvött til að taka þátt í starfi Sjálfstæðisfélagsins. Ég var ekki lengi að stökkva á það tækifæri. Á síðustu tveimur árum hef ég kynnst helstu málaflokkunum og setið í íþrótta- og tómstundanefnd bæjarins. Ég vil hafa hlutina í lagi í kringum mig og þegar kom að prófkjöri Sjálfstæðisflokksins nú í byrjun árs var ég hvött til að gefa kost á mér. Ég ákvað að taka af skarið og virkja þennan metnað sem ég bý yfir til að ná árangri því ég trúi að sem samfélag getum við gert enn betur."

Við hvað starfar þú?

„Eftir útskrift starfaði ég í sjö ár á lögmannsstofu og síðan í þrjú ár hjá Valitor, en þar stýrði ég m.a. samningsgerð á lögfræðisviði. Nú rek ég Könnun ehf. með manninum mínum sem er með Lloyd´s umboðið á Íslandi. Samhliða því er ég sjálfstætt starfandi lögmaður og veiti viðskiptavinum Könnunar lögfræðiráðgjöf og öðrum eftir þörfum."

Hver verða þín áherslumál í pólitíkinni?

„Við getum verið verulega stolt af bæjarfélaginu, sem er með mikið aðdráttarafl, og mannauðurinn á Nesinu er framúrskarandi. Ég vil leggja áherslu á fyrirsjáanleika við inntöku í leikskólann og að starf þar sé samkeppnishæft. Þá vil ég skóla í fremstu röð og að börn geti valið íþróttir og tómstundir við hæfi með samfellu við skólastarf. Ég vil tryggja hagsmunagæslu gagnvart Reykjavík í samgöngumálum til og frá Nesinu og svo vil ég leggja áherslu á hágæða þjónustu með hagkvæmum lausnum fyrir ólíkar þarfir íbúa. Það eru bjartir tímar framundan með fólk í forystu sem leggur áherslu á gagnsæi og sýnileika, stöðugleika og fyrirsjáanleika. Ég tel að gildi sjálfstæðisstefnunnar hafi örvandi áhrif á efnahag íbúa sem skilar sér í háum skattstofni og þar með útsvarstekjum."

Viktor Már Kristjánsson og Gísli Björnsson hafa í nógu að snúast í framkvæmdum við Ráðagerði. Óhætt er að segja að verkefnið lofi góðu fyrir Seltirninga.

Veitingahús með ítölsku ívafi í Ráðagerði

Nýr veitingarstaður opnar í Ráðagerði í sumar. Framkvæmdir eru í fullum gangi hjá þeim ungu og öflugu brautryðjendum sem að rekstrinum standa. Þegar bankað var upp á varð Gísli Björnsson fyrir svörum.

Hvað verður í Ráðagerði?

„Ráðagerði er hverfisstaður fyrir Nesið og nærliggjandi byggðir," sagði Gísli. „Við verðum með opið frá morgni til kvölds. Hugmyndin er að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi sama hvað klukkan slær. Kaffi og með því á morgnana, hádegisseðill og síðast en ekki síst spennandi kvöldseðill. Svo verðum við með „aperitivo" upp á ítalskan máta þar sem fólk getur komið við í „antipasti"-rétti og „happy hour". Sjálfur er ég mikið fyrir brönsj og því verður einnig boðið upp á það um helgar. Við erum staðsett við náttúruperluna Gróttu og munum kappkosta að tengja staðinn við útivist."

Hverjir standa á bak við Ráðagerði Veitingahús?

„Ætli það sé ekki best að lýsa því þannig að við séum þrír gamlir vinir sem höfum unnið lengi saman. Ásamt mér eru það þeir Viktor Már Kristjánsson og Jón Ágúst Hreinsson en við Jón Ágúst höfum mikla tengingu við Nesið."

Hver er saga Ráðagerðis?

„Saga Ráðagerðis er löng. Elsta heimildin um Ráðagerði er frá árinu 1703 en þá var jörðin hjáleiga. Húsið að Ráðagerði var byggt í kringum 1880 og er elsta timburhús Seltjarnarness. Við hönnun staðarins fannst okkur mikilvægt að leyfa húsinu og sögu þess að njóta sín en það hefur komið afar vel út."

Hvað er Nesið?

„Nesið er fallegt bæjarfélag. Hér er mikil náttúra og gott samfélag. Maður þekkir mann og það er notalegt að mínu mati. Við erum spenntir að opna hverfisstað fyrir Seltirninga og vonumst til að fá ykkur sem flest í heimsókn."

Opinn fundur með bæjarbúum

Kynnum stefnumál og ræðum við kjósendur
Fimmtudaginn 5. maí kl. 20:00-21:30
Salur Sjálfstæðisfélagsins á Austurströnd 3

Ragnhildur Jónsdóttir, (2. sæti), Þór Sigurgeirsson (1. sæti), Svana Helen Björnsdóttir (4. sæti), Magnús Örn Guðmundsson (3. sæti), Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir (5. sæti)